

Greinargerð um möguleika á samvinnu / sameiningu ÚTÓN og ITM

**Unnið í desember 2012 og
janúar 2013**

**Kristján M. Ólafsson og
Sævar Kristinsson**



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Efnisyfirlit | 2 |
| Samantekt..... | 3 |
| Inngangur..... | 3 |
| Stöðugreining..... | 4 |
| Ársreikningar..... | 5 |
| Samstarf | 7 |
| Atriði til skoðunar | 8 |
| Möguleg samlegðaráhrif | 9 |
| Sameining / samvinna | 10 |
| Næstu skref | 10 |
| Viðaukar..... | 11 |
| Tilgangur ÚTÓN (tekið af vef www.uton.is)..... | 11 |
| Lög um Íslenska tónverkamiðstöð..... | 12 |
| Yfirlit yfir verkefni ITM og þarfagreining vegna starfsmanna | 15 |
| Skýrsla um stöðu ITM haustið 2012..... | 17 |
| Hugmyndir um Miðstöð íslenskrar tónlistar | 19 |

Samantekt

- Félögin ÚTÓN og ITM eru bæði veik fjárhagslega skv. ársreikningum
- Ólíkar væntingar hagsmunaaðila eru til samstarfs/sameiningar
- Sú kjarnastarfsemi sem félögin hafa verið að sinna er ólík
- Óveruleg jákvæð áhrif yrðu af sameiningu, a.m.k. í rekstri
- Lagt er til að samruna verði frestað
- Farið verði út í heildstæða stefnumótun fyrir greinina í heild sinni með breytta uppsetningu í huga
- Stjórnir félaganna geri nauðsynlegar breytingar á samþykktum þeirra.

Inngangur

Eftirfarandi samantekt var unnin að ósk fulltrúa Samtóns af ráðgjafafyrirtækinu Netspor og fjallar um úttekt á mögulegu samstarfi Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar (ITM). Samantektin byggir á viðtölum við fulltrúa helstu hagsmunaaðila ásamt greiningu á ársreikningum og rekstraráætlunum ÚTÓN og ITM.

Haft var samband við eftirfarandi aðila við vinnslu greinargerðarinnar:

- Ásmundur Jónsson – SFH
- Björn Th. Árnason – FÍH
- Gunnar Guðmundsson – Samtónn
- Guðrún Björk Bjarnadóttir – STEF
- Hildigunnur Rúnarsdóttir – Í stjórn ITM
- Ingibjörg Sverrisdóttir – landsbókavörður
- Jakob Frímann Magnússon – FIT / STEF
- Kjartan Ólafsson – TÍ / STEF
- Nína Margrét Grímsdóttir – FÍT
- Sigfríður Björnsdóttir – fv. framkvæmdastjóri ITM
- Sigtryggur Baldursson – ÚTÓN

Samantektin var unnin í desember 2012 og janúar 2013 af Kristjáni M. Ólafssyni og Sævari Kristinssyni.

Stöðugreining

Starfsemi ÚTÓN hefur snúist að mestu um kynningu á íslenskri tónlist og tónlistarmönnum erlendis. Einnig hafa þeir kynnt og komið á framfæri þeim fjölmörgu íslensku tónlistarhátíðum og tónlistarviðburðum sem haldnir eru ár hvert og stendur þar Icelandic Airwaves upp úr sem langstærsta hátíðin. ÚTÓN hafði á árinu 2011-2012 tvö og hálf stöðugildi að meðaltali og er þeim að fækka nú í tvö. Félagið deilir skrifstofu með Icelandic Airwaves að Austurstræti 17.

Kjarnastarfsemi ÚTÓN er á sviði kynningarmála og að mati viðmælenda hefur félagið sinnt því nokkuð vel. Einna helst hefur verið gagnrýnt að ÚTÓN mætti kynna fleiri tegundir tónlistar og einnig mættu þeir koma meira að kynningu íslenskra tónlistarmanna sem flytja erlenda tónlist.

Megináherslur ITM hafa verið þrjúþættar. Í fyrsta lagi að skrá íslensk tónverk sem þeim hafa borist og útbúa þau til varðveislu í Þjóðarbókhöfðu. Í öðru lagi utanumhald og starfræksla á nótnasafni íslenskra tónverka sem félagið rekur og sala á nótum úr safninu. Í þriðja lagi hefur ITM sinnt ýmsum samskiptum og þjónustu vegna fyrirspurna frá íslenskum og erlendum aðilum. Megináhersla hefur þó verið að umpakka nótnasafni ITM fyrir Handritadeild Þjóðarbókhöfðunnar og er því starfi ekki að fullu lokið (sjá nánar samantektir Hildigunnar Rúnarsdóttur og Sigfríðar Björnsdóttur í viðauka).

Árið 2011 voru 1,65 stöðugildi hjá ITM auk þess sem verktakar voru nýttir í ákveðin verkefni. Félagið hefur ekki fastan starfsmann eins og er en grunnþjónusta er sinnt af fyrrverandi starfsmönnum. Í þeirri grunnþjónustu sem nú er sinnt er þjónusta við hljómsveitir og kóra auk móttöku verka fyrir þessa hópa. Samkvæmt viðtölum við aðila sem tengjast ITM telja þeir að starfsemin sé stórlega undirmönnuð og lágmarksfjöldi starfsmanna þyrfti að vera 3,5 stöðugildi m.v. þau verkefni sem félaginu er gert að sinna skv. markmiðum. Félagið hefur búið við rekstrarvanda og ekki hefur verið til staðar fjárhagslegur grunnur fyrir ráðningu fleiri starfsmanna á undanförunum árum. Af þeim sökum hefur ITM t.d. ekki náð að sinna kynningarmálum á undanförunum árum. Félagið er með aðstöðu að Skúlatúni 2.

Vefir beggja aðila endurspegla framangreinda þætti.

Helstu viðfangsefni samkvæmt skilgreindum markmiðum félaganna eru:

| Viðfangsefni | ITM | ÚTÓN |
|---------------|--|--|
| Kynningarmál | Kynna íslenska tónlist bæði innanlands og í útlöndum | Kynna íslenska tónlistarmenn erlendis |
| | Veita allar helstu upplýsingar um íslenska tónlist og tónlistarlíf | Koma íslenskri tónlist á framfæri erlendis Vekja athygli á íslenskum tónlistarhátíðum |
| | Útgáfa hljómsplata | |
| | Útgáfa á nótum | |
| | | Starfræksla heimasíðu og útgáfa fréttabréfs |
| | | Efla útflutningshæfni íslenskra tónlistarmanna |
| | | Almenn ráðgjöf og tengslamyndun |
| Safnamál | Starfræksla á safni íslenskra tónverka | |
| Skráningarmál | Söfnun nótna á safn miðstöðvarinnar | |
| Samstarf | Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um kynningarmál | Samstarf við útflutningsskrifstofur erlendis |
| Aðild | Aðildarfélagar samþykktir á aðalfundi | |
| Tekjur | Styrkir, aðildar- og þjónustugjöld | Styrkir |

Ársreikningar

Til að leggja mat á rekstur beggja félaganna voru ársreikningar skoðaðir fyrir árið 2011 auk milliuppgjörs ÚTÓN fyrir árið 2012 og rekstraráætlun ársins 2013. Uppgjör ITM vegna 2012 liggur ekki fyrir.

Heildar rekstrartekjur ÚTÓN árið 2011 voru um 49,5 mkr. og hjá ITM um 26 mkr. Hjá hvorugu félaginu gefa ársreikningar 2011 raunsanna mynd af starfseminni eins og hún er í dag. Hjá ITM hafa báðir starfsmennirnir hætt störfum og eru verkefni leyst með utanaðkomandi verktöku (fyrirverandi starfsmanna). Hjá ÚTÓN var 12,8 mkr. tap árið 2011 sem skýrist af mestu leyti af kostnaði frá árinu 2010 sem var ekki reikningsfærður fyrr en árið 2011 og eins sökum skuldbindinga vegna dótturfélagsins IA tónlistarhátíð ehf. (Iceland Airwaves).

Bæði félög búa við minnkandi tekjur reglubundinnar starfsemi og hélt sá samdráttur áfram árið 2012. ITM er því áfram í þeirri stöðu að geta ekki sinnt þeim verkefnum sem lög félagsins gera ráð fyrir og áætlanir ÚTÓN gera ráð fyrir að fækka starfsmönnum úr þremur í tvo árið 2013.

Samkvæmt skýrslu stjórnar minnka tekjur ITM árið 2012 meðal annars vegna þess að árið 2012 féll niður einnar milljón króna styrkur frá Reykjavíkurborg auk þess sem stuðningur frá STEF féll niður en hann var 1,8 mkr. árið 2011 og 4 mkr. árið 2010.

Hjá ÚTÓN voru styrkir frá ráðuneytum 22,8 mkr. árið 2011 og lækkuðu um tæpar 3 mkr. frá árinu 2010. Á árinu 2012 námu styrkir frá ráðuneytum 26 mkr. og gert er ráð fyrir sömu upphæð árið 2013.

Ef kemur til sameiningar eða náins samstarfs þessara félaga þarf að afla skýringa við nokkra liði ársreikninganna. Þetta er ekki stærsta viðfangsefnið varðandi sameiningu en rétt að skerpa meðal annars á þeim atriðum sem talin eru upp hér fyrir neðan:

Meta þarf hvort bókhaldslegt virði birgða ITM endurspegli raunverulegt virði. Birgðaverðmæti er skráð kr. 1.914 þús. árið 2011 og lækkaði úr kr. 2.067 þús. árið 2010. Jafnframt þarf að hafa í huga skuldaliðinn ógreidd höfundarlaun sem nemur um 2,7 mkr.

Leggja þarf mat á hvort allar viðskiptakröfur beggja félaganna muni innheimtast og þá hversu hátt hlutfall þeirra megi búast við að þurfa að afskrifa.

Skýra þarf áhættu í rekstri ÚTÓN vegna ábyrgðar á dótturfélaginu IA tónlistarhátíð ehf. Á árunum 2011 er hlutdeild ÚTÓN í afkomu félagsins neikvæð sem nemur 4,1 milljón króna og 1,4 milljónir árið 2010. Samkvæmt upplýsingum frá ÚTÓN mun IA tónlistarhátíð endurgreiða þessa fjármuni af hagnaði ársins 2012 (IA tónlistarhátíð er rekið sem sjálfstætt félag með eigin kennitölu og var um sértæka ákvörðun stjórnar ÚTÓN að ræða þegar ábyrgðin var veitt).

Meta þarf áhrif lakkandi ríkisframlags til ITM í 10,2 mkr. fyrir árið 2012 og sömu upphæð í frumvarpi til fjárlaga árið 2013 og hvað það þýðir fyrir möguleika miðstöðvarinnar til að sinna verkefnum sínum.

Rýna þarf rekstrarniðurstöður ársins 2012 og rekstraráætlanir beggja félaganna fyrir árið 2013 í ljósi tapreksturs árin 2010 og 2011 áður en til nánara samstarfs eða sameiningar kemur.

Samstarf

Við skoðun á möguleikum á samstarfi eða sameiningu ÚTÓN og ITM kemur í ljós að samhljómur er að hluta til í verkefnum og hlutverki beggja félaga. Á öðrum sviðum skarast starfsemi alls ekki og gætu sumir þættir ITM verið betur komnir annars staðar.

Skörunin liggur í kynningarmálum sem í tilviki ÚTÓN er skilgreind á erlendan markað og hjá ITM bæði innanlands og erlendis. Bæði félögin eiga að sinna upplýsingagjöf og reka heimasíðu. Það getur falist nokkur fjárhagsleg hagkvæmni í sameiningu eða samrekstri skrifstofa ÚTÓN og ITM. Það mun auðvelda sérhæfingu hjá starfsfólki bæði hvað varðar rekstrartengda þætti og eins í þjónustu við einstök fagsvið sem fá þjónustu hjá skrifstofunum í dag.

Það er hins vegar spurning hvort rétt sé að setja þann þátt starfsemi ITM inn í ÚTÓN sem snýr að nótnaskriftum, enda um lið sem er ótengdur því markaðs- og kynningarstarfi sem ÚTÓN sinnir.

Væntingar

Af samtali við hagsmunaaðila er ljóst að það eru ólíkar væntingar og áherslur til sameiningar og samstarfs þessara tveggja félaga. Einnig eru mismunandi áherslur og þarfir sem virðast að einhverju leiti snúast um útdelingu fjármuna og mynda þannig undirliggjandi trúnaðarbrest sem virðist vera á milli hagsmunaaðila. Gekk einn viðmælandi svo langt að telja að skipta þyrfti um stjórnarmenn í þessum félögum til að byggja upp traust og trúnað innan greinarinnar. Ekki verður lagt mat á þá þætti hér en rétt er þó að halda þessu atriði til haga.

Þróun erlendis

Í nágrennalöndum okkar er einnig unnið að auknu samstarfi aðila sem tengjast tónlist. Dæmi um það er Music Finland sem eru samtök er voru stofnuð við sameiningu nokkurra félagasamtaka í finnskri tónlist. Samtökin einbeita sér að því að koma á framfæri og auka vitund á tónlist sem nýtur velgengni innanlands og utan. Þau standa fyrir og veita fjölbreytta þjónustu við markaðssetningu, uppákomur, tækifæri til tengslamyndunar, þjálfun, ráðgjöf, stuðning, rannsóknir, upplýsingagjöf og styrkveitingar. Markmið þjónustunnar er að hámarka velgengni finnskrar tónlistar og tónlistarfyrirtækja og auka útflutningstekjur af finnskri tónlist.

Atriði til skoðunar

Í greiningarvinnunni hafa komið fram nokkrir liðir sem vert er að skoða nánar.

1. Kanna þarf möguleika á víðtækara samstarfi þar sem fleiri aðilar og samtök sem tengjast tónlist koma að. Í þessu sambandi vísast til hugmynda KÓ um “Miðstöð íslenskrar tónlistar” sem fylgir með í viðauka. Þær hugmyndir taka til eftirfarandi þátta;

Upplýsingamiðstöðvar sem hefði það að markmiði að veita upplýsingar um íslenskt tónlistarfólk, útgefna tónlist og tónlistarhátíðir á Íslandi.

Nótnasafnsþjónustu sem hefði það að markmiði að skrá íslenskar nótur, tryggja varðveislu þeirra og aðgengi fyrir almenning og veita þjónustu á sviði raddskrifta.

Kynningarmiðstöð sem kæmi að kynningu og markaðssetningu íslenskrar tónlistar á innlendum og erlendum vettvangi ásamt því að koma að undirbúningi og skipulagningu íslenskra tónlistarviðburða.

Sameiginlegar skrifstofu fyrir rekstur miðstöðvarinnar og þau samtök sem að henni standa.

2. Nokkrir viðmælendur sem hafa tjáð sig um starfsemi ITM hafa komið með gagnrýni á starfseminni og hvort starfsemi hennar sé í takt við breytta tíma. Undanfarin ár hefur ITM ekki sinnt nema hluta af skilgreindri starfsemi sinni og hefur áherslan verið á að sinna grunnþjónustu en öðrum þáttum, eins og kynningarmálum, verið minna sinnt. Í þessu sambandi er spurning hvort hægt sé að efna til aukins samstarfs við Þjóðarbókhöðuna, en þar á bæ telja menn að skráning ITM nýtist safninu ekki nægjanlega vel þar sem gagnagrunnur ITM er ekki samhæfður við gagnagrunn safnsins (þ.e. ekki OAI samhæfður).

3. Skráning á tónlist (af geisladiskum, plötum og slíku) fer fram í nokkra mismunandi gagnagrunna, þ.e. hjá SAMTÓN (tónlist.is), Þjóðarbókhöðunni, RÚV og mögulega fleirum. Þarna er um veruleg tækifæri að ræða til hagræðingar með auknu samstarfi.

4. Gagnrýni hefur komið fram um að starfsemi ÚTÓN hafi verið of mikið tengd tónlistarhátíðinni Icelandic Airwaves. Samkvæmt ársreikningum 2011 kom ÚTÓN að rúmlega 20 tónlistarviðburðum.

5. Fjármögnun er stöðugt erfiðari og því getur skipt máli að aðilar standi saman sem heild til að auka sýnileika og þannig bæta möguleika til sóknar í styrki og annað fjármagn.

Möguleg samlegðaráhrif

Það er ljóst að óskalisti um verkefni sem væntingar eru um að verði sinnt, er umfangsmeiri en þeir fjármunir sem starfsemin hefur til ráðstöfunar í dag. Forgangsröðun verkefna er því mikilvægur þáttur í að tryggja sátt um þá starfsemi sem á að sameinast um. Af samtölum við hagsmunaaðila ÚTÓN og ITM er ljóst að einhver samlegðaráhrif geta verið í samrekstri eða sameiningu þessara tveggja félaga en spurning hvort aðrar leiðir séu æskilegri.

Framkvæmdastjórn

Einn aðili myndi sjá um framkvæmdastjórn í stað tveggja þýðir að öllum líkindum sparnað í rekstri. Á móti kemur að á fámennum skrifstofum fer lítil tími framkvæmdastjóra í stjórnun og tekur hann að staðaldri beinan þátt í verkefnavinnu. Aukinn umsvif hafa þau áhrif að meiri tími hans fer í stjórnunarhlutann og því er óvísst um heildarsparnað þessa liðar.

Sérþekking

Sérhæfing starfsmanna í daglegum verkefnum getur þýtt aukna fagmennsku og bættá þjónustu og á það einkum við í kynningarstarfi. Verulegur hluti starfsemi ITM er hins vegar það sérhæfður að óveruleg samlegðaráhrif eru við núverandi starfsemi ÚTÓN. Það á við um flest þau verkefni sem teljast til grunnþjónustu ITM og sinnt er í dag.

Aðstaða

Samnýting aðstöðu getur þýtt sparnað og eins bætt samskipti sem jafnframt getur leitt til bættrar þjónustu.

Samskipti - slagkraftur

Aukin samvinna milli mismunandi aðila innan tónlistargeirans getur leitt til bættra samskipta og þannig eftir slagkraft greinarinnar í heild sinni. Það verður trúlega alltaf svo að skiptar skoðanir verða á stuðningi við einstök verkefni þegar ekki er hægt að sinna öllum af fullum þunga. Því skiptir máli að tryggja gagnsæi og rökstuðning fyrir vali á þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni.

Sameining / samvinna

Lagt er til að frestað verði sameiningu/samvinnu félaganna.

Ástæður þess eru eftirfarandi:

1. Munur á væntingum hagsmunaaðila vegna mögulegs samstarfs er verulegur. Mikilvægt er að hagsmunaaðilar hafi sömu sýn á markmið og verkefnaval við slíkt samstarf. Er þar m.a. átt við væntingar um starfsemi, fjölda starfsmanna, aðstöðu og fjármuni.
2. Megin ávinningur við sameiningu er í þáttum (kynningarmálum) sem ITM er ekki að sinna í dag sökum skorts á fjármagni. Þarna er því ekki um hagræði að ræða og því þarf að tryggja fjármögnun áður en af stað er farið. Hins vegar gæti þessi liður stuðlað að bættri þjónustu við hagaðila.
3. Tryggt þarf að vera að sameining leiði til eflingar starfseminnar og bættrar þjónustu við hagsmunaaðila hjá báðum félögum. Ólík starfsemi þeirra eykur ekki líkur á slíkum árangri.
4. Tryggja þarf að starfsemi beggja félaga sé í takt við þarfir og væntingar hagsmunaaðila. Þurfa stjórnir beggja félaga að endurskoða markmið sín með mögulegt samstarf í huga. Verði af sameiningu/samstarfi, þarf að liggja fyrir mjög skýr verkaskipting.
5. Leita þarf eftir auknu fjármagni til að sinna þeim verkefnum sem við blasa.
6. Leitað verði leiða til aukins samstarfs við Þjóðarbókhöðdu með það í huga að annað hvort taki þeir yfir ákveðinn hluta starfseminnar eða komi að kostun þess sem þarf, til að ITM geti sinnt sínu hlutverki.

Næstu skref

1. Kanna þarf með leiðir til að auka fjármagn til rekstursins
2. Endurskoðun verði sett í gang á markmiðum beggja félaganna
3. Lagt er til að greinin beiti sér fyrir því að farið verði strax í þarfagreiningu og stefnumótun fyrir þau félög og samtök sem þjóna íslenskum tónlistarmönnum og greininni í heild sinni. Þannig verði kannað hvort grunnur sé til aukins samstarfs í anda tillagna um Miðstöð íslenskrar tónlistar.
4. Trúnaður og traust er lykilatriði og ef samstarfið getur bætt og aukið slíkt innan greinarinnar þá er það eitt og sér mikils virði. Aukið samstarf án nægjanlegs undirbúnings getur hins vegar verið til þess fallið að rýra traust.

Viðaukar

Tilgangur ÚTÓN (tekið af vef www.uton.is)

Tilgangur Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) er að leita tækifæra til að efla og skapa sóknarfæri til handa rétthöfum íslenskrar tónlistar innanlands sem utan. Markmið skrifstofunnar er að auka möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í tónlistarútrás til að ná árangri í alþjóðlegum viðskiptum. Útflutningsskrifstofan er viðskipta- og markaðsskrifstofa í viðum skilningi.

Helstu verkefni Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar eru að:

- Kynna íslenska tónlistarmenn erlendis
- Koma útgáfum með íslenskri tónlist á framfæri erlendis
- Vekja athygli á íslenskum tónlistarhátiðum og tónlistarviðburðum
- Starfrækja heimasíðu og gefa út netfréttabréf
- Efla útflutningshæfni íslenskra tónlistarmanna og fyrirtækja sem starfa í geiranum
- Sinna almennri ráðgjöf og tengslamyndun
- Styrkja samstarf við hliðstæðar útflutningsskrifstofur erlendis, einkum á Norðurlöndum

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar eða Iceland Music Export (IMX) var stofnsett árið 2006 með föstu fjárframlagi til þriggja ára frá iðnaðar-, menntamála- og utanríkisráðuneyti, Samtóni og Landsbanka Íslands. Skrifstofan hefur aðsetur hjá Íslandsstofu (sem áður var Útflutningsráð Íslands) og nýtur allrar aðstöðu þar. Útflutningsráð átti einnig samstarf við skrifstofuna um ýmis verkefni.

Rekstur skrifstofunnar var í upphafi miðaður við þrjú ár og í kjölfarið var ráðgert að endurmeta stöðuna til þess að tryggja áframhaldandi starfi sem bestan farveg. Fjármagni var af hálfu stofnenda veitt til starfsemi hennar árin 2006, 2007 og 2008. Samningar við ráðuneyti og Samtón voru endurnýjaðir til þriggja ára og gilda út árið 2011. Markmið þeirrar stefnumótunarvinnu sem nú hefur farið fram er að vinna langtímaáætlun fyrir ÚTÓN en skrifstofan hefur fest sig í sessi og almenn ánægja er með starfsemi hennar eins og kannanir og MS ritgerðir sem unnar hafa verið staðfesta.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri skrifstofunnar í febrúar 2007 og hefur fylgt markmiðum hennar ötullega eftir, en hún hefur ásamt stjórn ÚTÓN markað heildarstefnu til útrásar tónlistarverkefna frá Íslandi. Anna Hildur tók við nýju verkefni í janúar 2012 sem kallast Nordic Music Export eða NOMEX sem er í eigu ÚTÓN og systurskrifstofanna á Norðurlöndum. Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður var í kjölfarið ráðinn framkvæmdastjóri en hann hefur setið í stjórn ÚTÓN frá því að skrifstofan var sett á laggirnar í nóvember 2006.

Verkefnalistinn síðustu ár hefur verið viðamikill og góður árangur tvímælalaust náðst í kynningar- og tengslamálum. Gott gengi á tónlistarhátíðum og sá aukni áhugi sem greinilega er á íslenskri tónlist um þessar mundir gefur ástæðu til sóknar.

Lög um Íslenska tónverkamiðstöð

Samþykkt á aðalfundi 9. apríl 2003

1. gr.

Félagið heitir Íslensk tónverkamiðstöð, hér á eftir nefnd miðstöðin eða Tónverkamiðstöðin. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tónverkamiðstöðin starfar í umboði þeirra einstaklinga sem eru félagar í henni. Hún safnar ekki eignum í eigin þágu. Hún hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn sem kjörin er á aðalfundi. Á aðalfundi eiga atkvæði fullgildir félagar í miðstöðinni.

3. gr.

Starf Íslenskrar tónverkamiðstöðvar skal miða að því að auðga íslenskar tónbókmenntir og auka útbreiðslu þeirra. Til þess skulu stjórnendur miðstöðvarinnar hafa að leiðarljósi gildi metnaðarfullrar tónsköpunar og margbreytileika þeirrar tónlistar sem samin er í landinu.

4. gr.

Íslensk tónverkamiðstöð skal starfrækja safn íslenskra tónverka sem nýtist til kynningar á íslenskri tónlist bæði innanlands og í útlöndum. Ennfremur skal stefna að því að safnið sé sá lifandi vettvangur sem eftir getur tengsl á milli tónskálda, flytjenda og fræðimanna og jafnframt örvað samskipti þessara hópa við annað áhugafólk um íslenska tónlist.

Miðstöðin skal veita allar helstu upplýsingar um íslenska tónlist og tónlistarlíf og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um kynningarmál. Hún skal jafnframt gefa verk íslenskra höfunda út á hljómplötum og á nótum eða með öðrum hætti eftir því sem efni og aðstæður leyfa, og er miðstöðinni heimilt að gera útgáfusamninga þar um við viðkomandi höfunda.

5. gr.

Öllum íslenskum höfundum er heimilt að leggja nótur af verkum sínum inn á safn miðstöðvarinnar gegn sérstöku skráningargjaldi og að uppfylltum lágmarkskröfum um frágang handrita. Þeir höfundar, sem eiga a.m.k. tíu sönglög/smáverk eða fimm verk í stærri formum skráð í safninu, hafa sinnt tónsmíðum reglubundið um árabíl og hafa auk þess haft af þeim tekjur sem höfundar, geta sótt um að gerast félagar í Íslenskri tónverkamiðstöð. Stjórn miðstöðvarinnar fer yfir allar aðildarumsóknir og leggur þær, sem hún metur að uppfylli lágmarkskröfur, fyrir næsta aðalfund. Til þess að umsækjandi geti orðið fullgildur félagi í Íslenskri tónverkamiðstöð þarf samþykki aðalfundar.

6. gr.

Falli tónskáld frá getur fulltrúi handhafa réttarins á verkum þess sótt um að gerast aukafélagi í Tónverkamiðstöðinni. Slíkur félagi nýtur sömu réttinda og fullgildur félagi nema að hann hefur ekki atkvæðisrétt á fundum miðstöðvarinnar. Innganga aukafélaga er háð því skilyrði, að hann sé handhafi réttinda á verkum tónskálds, sem átt hefur verulegra hagsmuna að gæta innan miðstöðvarinnar. Með umsókn um aukaaðild skal fara á sama hátt og aðrar umsóknir.

7. gr.

Félagar í Íslenskri tónverkamiðstöð greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi. Aukafélagar greiða sömu árgjöld og þeir fullgildu. Þessir aðilar greiða ekki skráningargjöld.

8. gr.

Tónverkamiðstöðin aflar fjár með framlögum úr opinberum sjóðum, styrkjum frá einkafyrirtækjum og framlögum úr sjóðum tónskálda. Ennfremur aflar hún sér tekna með nótnaleigu og sölu á nótum og hljóðritunum. Hreinn ágóði af rekstri hennar rennur aftur til þeirra verkefna sem miðstöðin vinnur að í það og það sinn.

9. gr.

Í stjórn miðstöðvarinnar skulu eiga sæti fjórir menn. Þrír þeirra skulu kosnir á aðalfundi miðstöðvarinnar og jafnmargir til vara. Kjörtími er tvö ár. Tveir þessara manna skulu ætíð koma úr röðum félagsmanna Tónskáldafélags Íslands og skal kjörtími þerra skarast þannig að á hverjum aðalfundi sé aðeins kosið um annan þeirra. Þriðji maðurinn skal kjörinn úr röðum félagsmanna ITM sem ekki eru í Tónskáldafélagi Íslands. Ríkisútvarpinu skal boðið að skipa fjórða manninn í stjórnina og varamann hans.

Aðalfundur kýs með sérstakri kosningu annan þeirra stjórnarmanna, sem kemur úr röðum félagsmanna Tónskáldafélags Íslands, sem formann stjórnar miðstöðvarinnar til eins árs í senn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

10. gr.

Stjórn miðstöðvarinnar heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Afl atkvæða ræður á stjórnarfundum en séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef þrír stjórnarmanna sækja hann. Undirskrift formanns og tveggja meðstjórnenda er bindandi fyrir félagið. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri miðstöðvarinnar og markar henni stefnu. Hún ræður sér framkvæmdarstjóra til þess að annast daglegan rekstur og vinna að framgangi þeirra málefna sem miðstöðin lætur sig varða. Framkvæmdastjórinn ræður annað starfslið miðstöðvarinnar.

11. gr.

Aðalfund Íslenskrar Tónverkamiðstöðvar skal halda fyrir 1. júní ár hvert og skal boða til hans bréflega með minnst 14 daga fyrirvara. Aðra almenna félagsfundi skal boða með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar miðstöðvarinnar
3. Félagsgjöld og stjórnarlaun
4. Kosning stjórnarmanna
5. Kosning formanns stjórnar
6. Kosning félagslegra endurskoðenda
7. Innganga nýrra félaga
8. Önnur mál

12. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og sé þá að minnsta kosti $\frac{3}{4}$ hluti fundarmann samþykkur breytingunum. Tillögur um lagabreytingu skulu sendar félagsmönnum minnst 14 dögum fyrir aðalfund.

13. gr.

Íslensk tónverkamiðstöð verður því aðeins leyst upp að $\frac{3}{4}$ hluti fundarmanna á aðalfundi sé samþykkur því. Fundurinn skal þá jafnframt ákveða um meðferð á eignum félagsins og gera nauðsynlegar ráðstafanir er að félagsslitum lúta.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll eldri lagaákvæði um Íslenska tónverkamiðstöð.

Yfirlit yfir verkefni ITM og þarfagreining vegna starfsmanna.

Samantekt frá Hildigunni Rúnarsdóttur.

ITM hefur á undanförunum árum og áratugum:

- skráð öll ný ísl. tónverk sem berast og útbúið til notkunar (forsíðugerð og fleira) og til varðveislu í Þjóðarbókhöðu.
- sinnt margvíslegum samskiptum og þjónustu vegna fyrirspurna frá íslenskum og erlendum aðilum.
- þjónustað flytjendur s.s. Sinfóníuhlj.Ísl vegna flutnings stærri verka (tölvusetning og frágangur radda samkv. stöðlum SÍ).
- verið tengiliður við aðrar upplýsingamiðstöðvar á Norðurlöndum og víðar.
- hjálpað til við gerð kynningarefnis í samvinnu við tónhöfunda sem eftir því hafa leitað og sent út til listrænna hópa og stofnana erlendis.
- staðið að geisladiskaútgáfu í samstarfi við útgefendur og flytjendur á íslenskum verkum.
- verið miðstöð upplýsinga vegna tilkynninga og sendinga sem berast frá erlendum aðilum tengdum tónlistarhátíðum, keppnum, námskeiðum osfr. (t.d. tengiliður og þjónustuaðili vegna Norrænu tónlistarverðlaunanna, Nordic Music Days, ISCM world music days, Íslensku tónlistarverðlaunanna ofl.).
- verið prentun og verslun með nótur og diska af íslenskum tónverkum sem þar er geymd.
- staðið að móttöku og kynningu í tengslum við heimsókn erlendra gesta (flytjenda og fræðimanna) og verið þátttakandi í tónlistarfræðilegum fundum/ráðstefnum sem snerta ísl. tónlist.
- staðið að gerð umsókna vegna styrkja sem nýttir hafa verið til að fjármagna sérstök verkefni s.s. raddskriftir, tölvusetningar ofl.
- þjónustað skólasamfélagið, nemendur á háskólastigi hafa fengið aðstoð við rannsóknir.
- Til að sinna nótnaþjónustu þá þarf að lágmarki tvo starfsmenn í fullu starfi. Þeir munu sjá um að ganga frá pöntunum á nótum innanlands og utan, móttöku og skráningu nýrra og eldri verka (jafnt nýskráningu eldri verka sem skráningu nýrra útgáfa eldri skráðra verka) í gagnagrunn ásamt frágangi til varðveislu í Þjóðarbókhöðu. Nauðsynlegt er að þessir starfsmenn hafi góða grunnþekkingu á

ritaðri tónlist og frágangi þeim tengdum ásamt þekkingu á íslenskri tónlistarsögu og – heimi. Starfsmennirnir myndu einnig sjá um gerð og utanumhald hljómsveitarpartagerðar og yfirferð gagna áður en þau færu í prentun.

- Upplýsingaþjónusta þarf að lágmarki einn og hálfan starfsmann til að sinna samskiptum við innlenda og erlenda aðila, svara fyrirspurnum, taka við pöntunum gegn um síma og tölvupóst, uppfæra vefsíðu, gefa út fréttabréf og viðhalda póstlistum, afla upplýsinga í gagnabanka um tengiliði, hljómsveitir, flytjendur, hátíðir og viðburði innan lands sem utan sem tengjast flutningi á tónverkum og rafverkum ásamt því að sjá um að uppfæra slíkar upplýsingar. Einnig þarf að afla upplýsinga fyrir höfunda og flytjendur ef slíkar upplýsingar vantar í gagnabanka ásamt því að vera til taks fyrir skólasamfélagið og rannsakendur íslenskrar tónlistar. Sé upplýsingaþjónusta ætluð fyrir breiðari hóp en eingöngu tónskáld skrifaðrar tónlistar og raftónlistar (t.d. flytjendur) þurfa starfsmenn að vera tveir og hálfur hið minnsta.

Skýrsla um stöðu ITM haustið 2012

- sýn fráfarandi framkvæmdastjóra Sigfríðar Björnsdóttur

Hér í upphafi máls er rétt að minna á það að ITM var stofnuð árið 1968 og fagnar því vonandi 45 ára starfsafmæli á næsta ári.

Það hefur lengi verið ljóst að viðvarandi undirmönnun á skrifstofu ITM kæmi niður á verkefnum og græfi til lengri tíma undan miðstöðinni. Þegar ekki er hægt að mæta vonum og væntingum um hraða verkefna og fjölbreytni þeirra er augljóst að stuðningur getur minnkað, jafnvel frá þeim sem best ættu að skilja við hvað er að glíma.

Rekstur ITM hefur verið rekinn fyrir opnum tjöldum og um árabíl hafa ársreikningar ásamt skýrslum stjórnar verið settir fram á netinu. Þar sést að mikill árangur náðist á síðustu árum í glímu við skuldafjall frá síðustu aldamótum. Í skýrslunum kemur líka fram að smám saman fækkaði stöðugildum sem hægt var að greiða fyrir hjá ITM og síðastliðin rúm 4 ár hafa fastir starfsmenn verið 1,65%, en því var aldrei ætlað að vera þannig til langframa en festist þó í sessi. Það var líka löngu ljóst að ekki væri hægt að ganga lengra í þessa átt, hún væri einfaldlega ófær. Ein manneskja getur ekki séð um öll þau verkefni sem sinnt hefur verið á skrifstofu ITM síðustu ár og hafa þau þó verið færri og takmarkaðri en menn hefðu viljað sjá.

Rekstarstuðningur hefur um árabíl komið frá þremur aðilum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur stutt miðstöðina um 800- 1.000 þús. kr. á mánuði undanfarin ár. Niðurskurður kom hart niður á starfsemi því hún hafði ekki notið þenslu í neinum mæli. Árið 2011 var dregið úr rekstrarstuðning við ITM frá Stefi. Sá stuðningur hafði um árabíl verið 1250 þús. kr. á ári hverju, en árið 2011 var hann skorinn niður í 500.000 kr. Árið 2012 kom í ljós að sá stuðningur yrði enginn. Þegar við bættist að stuðningur frá Reykjavíkurborg, 1 millj.kr. síðastliðin 7 ár, lagðist líka af þá var ljóst að rekstur ITM stefndi í mikinn vanda. Þess er rétt að geta að stuðningur Reykjavíkurborgar var í formi 2ja þriggja ára samninga og svo samkomulags til 1 árs í lokin. Aldrei var litið á þessa styrki sem framtíðarfyrirkomulag.

Í stað þess að leggja niður mikilvægasta verkefni ITM á síðustu árum, umpökkun nótnasafns ITM fyrir Handritadeild, var ákveðið að halda því áfram eins lengi og mögulegt væri og freista þess að klára þetta risavaxna verkefni. Um mitt sumar var ljóst að enn væru nokkrir tímafrekir angar af þessu verkefni eftir og fjármunir af svo skorum skammti að ekki yrði aðeins að hætta því verkefni heldur yrði líka að segja upp 65% starfsmanni sem starfað hefur með framkvæmdastjóra síðastliðin átta ár ef reksturinn ætti að halda vatni – eða rétt svo.

Í þessari stöðu ákvað sú sem þetta skrifar að sækja um aðra vinnu og fékk hana. Í framhaldi af því lagði hún fyrir tillögu til stjórnar ITM um hvernig væri hægt að standa að málum. Sú lausn breyttist aðeins þegar í ljós kom að 65%starfsmaður ákvað, í ljósi stöðunnar, að hætta líka. Hann er hljóðfærakennari og varð að bæta við sig nemendum að hausti vegna óvissunnar um framhald á rekstri ITM.

Tillagan, sem nú er unnið eftir, er þessi: fyrrum framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn (verktakar í yfirferð safns og fl.) hjálpast nú að við það að halda grunnþjónustu ITM gangandi. Til grunnþjónustu telst þjónusta við hljómsveitir og kóra, auk móttöku verka fyrir þessa hópa. Opnunartímar hafa verið takmarkaðir og eru aðeins ætlaðir þeim sem þurfa að sækja pantanir, síma er ekki svarað heldur öllum erindum beint á tölvupóstfang miðstöðvarinnar.

Jafnhliða er öll áhersla lögð á að ljúka yfirferð nótnasafnsins og nokkrum öðrum stórverkefnum haldið áfram, s.s. endurmótun gagnagrunns. Það er mat allra sem koma að rekstrinum að það væri mikið tjón ef ekki væri hægt að ljúka því mikla verki sem þegar hefur unnið – líkt og að hætta maraþonhlaup nokkur hundruð metrum frá markinu. Samhliða er unnið við bókhald og stefnt að því að ársreikningur vegna ársins 2012 sé tilbúinn nokkrum dögum eftir næstu áramót. Með þessu fyrirkomulagi er stjórn skapað svigrúm í takmarkaðan tíma við endurskipulag starfseminnar og getur hagað ráðstöfun fjármuna og ráðninga í takt við þá stefnu sem valin verður til framtíðar.

Það skal tekið hér fram að undirrituð er mjög stolt af þeirri tryggð við miðstöðina og verkefni hennar sem fráfarandi starfsmenn og verktakar sýna með þessari þátttöku. Það skal einnig tekið fram að þessari stöðu núna er á engan hátt hægt að líkja við þá ömurlegu stöðu sem félagið stóð frammi fyrir árið 2001 þegar miðstöðin skuldaði 2.5 sinnum ársframlag ríkisins og allir helstu starfsmenn höfðu sagt upp/hætt á þriggja mánaða tímabili og með þeim hvarf öll þekking á starfseminni.

Stjórn ITM vinnur nú ótullega að því með félaginu, og fleiri aðilum sem láta sig starfsemina varða, að móta hugmyndir hvernig megi hugsanlega afla nauðsynlegs stuðnings við miðstöðina, varðveita mikilvægustu verkefni og jafnvel dreifa þeim á fleiri herðar.

Undirrituð tekur ekki þátt í þeirri vinnu. Síðastliðin 11 ár sem framkvæmdastjóri setja huganum skorður og fær undirrituð með engu móti séð hvernig leysa megi þessi mikilvægu verkefni með einfaldari eða ódýrari hætti en gert hefur verið. Fram að þessu hefur sú þjónusta sem veitt hefur verið menningu landsins og tónlist þess á vegum ITM verið takmörkuð mjög vegna skorts á fjármunum, en um leið verið mjög vönduð og ábyrg.

Það er von mín að ábyrgðaraðilar, stjórnvöld og þeir sem á okkar tímum leiða starfsemina, beri gæfu til að finna þessum málum farsælan og ábyrgan farveg til framtíðar.

Með vinsemd og þökk fyrir viðburðarík og skemmtileg ár í þjónustu við íslenska tónlist

Sigfríður Björnsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri ITM

Beðið var um skýrslu um stöðu ITM frá ráðuneyti og er hún jafnframt send stjórnarmeðlimum ITM

Hugmyndir um Miðstöð íslenskrar tónlistar

Samantekt frá Kjartani Ólafssyni.

Miðstöð íslenskrar tónlistar



- Upplýsingamiðstöð
- Nótasafnsþjónusta
- Kynningarmiðstöð
- Skrifstofa

■ Upplýsingamiðstöð

Aðilar: ÍTM, FÍH, FÍT, FTT TÍ, FHF, - STEF

- Markmið:** Að veita upplýsingar um:
- Íslenskt tónlistarfólk - tónskáld og flytjendur
 - Útgefna tónlist – hljóðrit, nótur og mynddíska
 - Tónlistarhátíðir á Íslandi

- Afrakstur:**
- Aukinn flutningur á íslenskrari tónlist
 - Aukin sala á hljóðritum og nótum
 - Auðveldara aðgengi að upplýsingum um íslenska tónlist
 - Aukin þekking á íslenskrari tónlist

■ Nótasafnsþjónusta

Aðilar: ÍTM, Þjóðarabókhlaða, Tónastöðin, Sinfóniuhljómsveit Íslands, STEF (Fjölís)

- Markmið:**
- Að skrá íslenskar nótur
 - Að varðveita íslenskar nótur og gera þær aðgengilegar almenningi
 - Að veita þjónustu á sviði raddskrifta

- Afrakstur**
- Auðvelt aðgengi að íslenskrari tónlist á nótum
 - Upplýsingar og leitarmöguleikar fyrir íslenska tónlist á nótnaformi
 - Varðveisla á handritum á nótnaformi

■ Kynningarmiðstöð

Aðilar: ÚTÓN, ÍTM, (SAMTÓN) FÍH, FÍT, FTT TÍ, FHF, STEF

- Markmið:**
- Að kynna og markaðsetja íslenska tónlist á innlendum og erlendum vettvangi
 - Að taka þátt í undirbúningi og skipulagningu íslenskra tónlistarviðburða

- Afrakstur**
- Aukinn tónlistarflutningur - og útflutningur á íslenskrari tónlist
 - Markviss kynning á íslenskrari tónlist og tónlistarfólki
 - Aukin atvinnutækifæri fyrir íslenskt tónlistarfólk

■ Skrifstofa

Aðilar: Sameiginleg skrifstofa fyrir rekstur MÍT - Tónlistarsjóður, Samtónn

- Markmið:**
- Að auka fjárhagslega hagkvæmni fyrir íslenskt tónlistarlíf og styrkja stöðir þess með samvinnu og sameiginlegum verkefnum.

- Afrakstur**
- Aukin fagleg vinna og hagræn hagkvæmni fyrir íslenskt tónlistarlíf – í heild sinni.

16.11.2012 SAMTÓN - KO